

1862.

26. maítm.

vafalaust, að Guðrún þessi Magnúsdóttir hefir átt dvöl í Ölfus-hrepp í Árnæssýslu árin frá 1846 til 1858, en þetta síðast nefnda árið fekk hún í fyrsta skipti sveitarstyrk, og með því það atvik, að hún, eptir því sem frá er skýrt, hefir verið geð-veik, ekki getur verið því til tálmunar, að hún með dvöl sinni í einni sveit geti orðið þar hrepplæg, ef önnur skilyrði fyrir því eiga sér stað, þá ber nú að álita hana sveitlæga í Ölfushrepp, og úrskurður amtmannsins yfir suðurumdæminu, dags. 10. októ-berm. 1856, sem ákveður að hún sé sveitlæg í Strandarhrepp í Borgarfjarðarsýslu, getur ekki komið til greina á móti þessu, þó ekki væri af öðru, þá þess vegna, að hann var upp kveðinn áður en hún var orðin þursandi sveitarstyrks.

26. maítm.

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp Jóns Gissurssonar.

Með bréfi 6. desemberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt; í því áfrýja hreppstjórnir í Biskupstungna hrepp úrskurði yðar 16. marzm. 1860 um framfærsluhrepp Jóns nokkurs Gissurssonar. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjorið það þeim, er hlut eiga að mali, að úrslit þau, er malið hefir þegar fengið við úrskurð yðar, eiga óbreytt að standa, og eptir þeim er Jón Gissursson sveitlægur í Biskupstungna hrepp.

26. maítm.

31. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kandídata frá prestaskólanum í Reykjavík til að taka á móti fátækum brauðum.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hótign konunginum 17. dag þ. m. allramildilegast þóknatz að fallast á: